

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Gunnarshúsi, 7. jan. 2002.

Frumvarp til laga
um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, 138. mál

Umsögn stjórnar Rithöfundasambands Íslands


Stjórn Rithöfundasambands Íslands lýsir sig andvíga frumvarpinu sem felur í sér að lög nr. 122/2000 um Ríkisútarvið verði felld úr gildi í heild sinni, en sérstök ákvæði þeirra tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000, og að stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútarpsins.

Það verður ekki séð af greinargerð með frumvarpinu að því sé ætlað að tryggja stöðu Ríkisútarpsins sem einnar mikilvægustu menningarstofnunar Íslendinga. Hvað rithöfunda varðar hefur Ríkisútarvið skapað fjölbreyttan og traustan vettvang fyrir birtingu bókmenntaverka, á meðan aðrar útvarpsstöðvar hafa lítt eða ekki sinnt þeirri listgrein. Því teljum við brýnt að treysta núverandi starfsgrundvöll stofnunarinnar og gera hana helst óháða auglýsingatekjum og áskriftargjöldum.

Með frumvarpinu er í raun vegið að þeirri stöðu sem Ríkisútarvið hefur og þarf að hafa til að geta sinnt hlutverki sínu sem ein helsta menningarstofnun þjóðarinnar.

F.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður



• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ÍSLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Gunnarshúsi, 7. jan. 2002.

Tillaga til þingsályktunar
um rekstur Ríkisútvarpsins, 7. mál

Umsögn stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Stjórn Rithöfundasambands Íslands er í meginatriðum sammála tillögunni og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Íslenskum rithöfundum er það mikils virði að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareign og fjárhagur þess með þeim hætti að það geti verið sú stoð íslenskrar tungu og menningar sem því er ætlað. Það gefur auga leið að slík stofnun verður ekki rekin með markaðssjónarmið að leiðarljósi.

F.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður